

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

4. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, fimmtudaginn 23. febrúar 2023 kl. 14:30. Haldinn í kennslustofu 5. bekkjar í færanlegu kennsluhúsnæði skólans.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann fulltrúi kennara, Soffía Magnúsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Guðjón Bjarni Hálfánarson og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra, Ragna Fanney Róbertsdóttir og Stefán Darri Jóhannsson fulltrúar nemenda. María Ósk Ólafsdóttir fulltrúi kennara og Gunnar Bragi Þorsteinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins boðuðu forföll.

Fundargerð: Kristín Bergmann

1. Fundargerð síðasta fundar

Fulltrúar skrifuðu undir fundargerð síðasta fundar

2. Staða framkvæmda við nýbyggingu Stekkjaskóla og flutningar

Í fyrramálið er fundur verkkaupa með verktaka og þá verður ákveðið hvenær nýbyggingin verði afhent sveitarfélaginu. Þegar sú dagsetning verður ljós geta birgjar eins og Penninn og Syrusson farið að setja saman húsgögn sem eru nú þegar komin inn í bygginguna og komið þeim fyrir. Í næstu viku ætti að vera hægt að tilkynna dagsetningar á flutningum.

Fundarmeðlimir voru ánægðir að heyra góðar fréttir og sérstaklega fulltrúar nemenda.

3. Fréttabréf Stekkjaskóla

Hilmar benti á að öll fréttabréf eru komin á heimasíðu skólans.

4. Skólasóknarkerfi í grunnskólum Árborgar

Litið á nýuppfært skólasóknarkerfi sem tók gildi 16. janúar síðastliðinn. Hilmar útskýrir nýja kerfið, hvernig stig safnast upp (seint, fjarvistir, veikindi og leyfi) og hvað er gert í framhaldi. Spurningar frá fulltrúa foreldra um lausnateymið og hvernig það starfar, Hilmar útskýrði.

5. Erindi frá fulltrúum nemenda

Ragna er með hugmyndir frá sínum umsjónarhóp: Hugmynd um að nemendur fari á sama tíma heim í öllum skólum Árborgar, Stekkjaskóli er með lengri frímínútur sem verður til þess að nemendur í 5. bekk fara seinna heim en aðrir skólar.

Þeir vilja vera inni í vondu veðri, fá að vera í símanum áður en skólinn byrjar og hafa einar frímínútur í stað tveggja. Fulltrúar nemenda eru ekki alveg sammála samnemendum sínum. Fulltrúi starfsfólks nefnir að erfitt sé að skikka nemendur til að vera ekki í símanum og fulltrúi foreldra skilur það. Hilmar nefnir að best sé að leyfa ekki síma í skólanum þar sem erfitt getur verið að stoppa þegar skólinn hefst, best sé að hafa rólega stund og fá sér frekar bók eða spjalla saman. Allir voru sammála.

Nemendur óska eftir að fá að hafa tyggjó í skólanum en það var ákveðið að það væri ekki tímabært að leyfa það þar sem ákveðinn sóðaskapur fylgir því.

Óskir komu varðandi nesti og mat t.d. má hafa sparinessi á afmælinu sínu og hvort mætti koma með fernudrykki í skólann. Einnig hvort ekki væri hægt að hafa sushi í matinn og sleppa því að hafa fisk.

Hafa endurskinsviku þar sem allir keppast við að hafa endurskinsmerki. Þetta þótti góð hugmynd og verður stefnt að því að framkvæma hana næsta haust.

Búa til skautasvell, góð hugmynd en ekki auðvelt að framkvæma. Fulltrúi foreldra nefndi að kannski væri betra að gera völl fyrir línuskauta.

6. Kynning á Maskínu starfsmannakönnun

Hilmar kynnti helstu niðurstöður úr starfsmannakönnun sem var framkvæmd í nóvember og niðurstöður komu rétt fyrir jólafrí.

7. Heimsókn í nýbyggingu skólans

Skólaráð fór að skoða nýju bygginguna.

Næsti fundur ekki seinna en í maí, þriðjudag eða fimmtudag.

Fundi slitið kl. 16:05

KB/HB